



Kópavogi, 7. nóvember 2022
2108509/033.03 RH

Efni: Tillaga um innleiðingu á grænkera valkosti í mótuneytum grunnskóla Kópavogs

Lagt er til að allir skólar bjóði upp á grænkera valkost. VEGAN valhnappur í skráningarkerfi mótuneyta verði aðgengilegur fyrir 1. mars 2023 og fram komi á matseðlum grænkera valkostur frá sama tíma.

Rökstuðningur:

Í Kópavogi er lögð áhersla á að hlustað sé á raddir barna. Bærinn er barnvænt sveitarfélag og það samræmist þeirri stefnu ásamt áherslum í nýrri menntastefnu og innleiðingu heimsmarkmiða að börn fái valkost um grænkera fæði í grunnskólum. Margir grunnskólar eru komnir mjög langt í þessari þróun, aðrir þurfa lengri tíma til innleiðingar og mikilvægt er að þeir fái aðlögunartíma til að mæta þessum þörfum vel.

Innleiðingarferli:

- **Undirbúningur innleiðingar** hófst með gæðaúttektum í mótuneytum sem lauk vorið 2022. Haldið var námskeið fyrir matreiðslumenn í grunnskólum 11. ágúst 2022. Námskeiðið var í umsjá Guðrúnar Adolfsdóttur matvælafræðings og Einars Hreins Ólafssonar matreiðslumanns í Álfhólsskóla. Innihald námskeiðsins var eftirfarandi.
 - Grænmetis- og grænkera fæði, skilgreiningar
 - Leiðir til að koma til móts við þá sem eru grænkerar
 - Næringarefni og grænkera fæði
 - Val og eldun á grænkera fæði – hver er reynsla matreiðslufólks?
 - Matarnýting og/eða matarsóun - þar eru þið fyrirmyndir – hver er ykkar reynsla?
 - Erum við að henda of miklum mat ? Hvernig vitum við það ? – Skráningar.
- **Starfsdagur** matreiðslumanna verður árlega, degi fyrir skólasetningu. Starfsdagur í ár var 22. ágúst og var hann nýttur til að leiðbeina matreiðslumönnum að setja saman matseðla fyrir grænkera fæði, deila hugmyndum og aðferðum við matargerð.
- **Jafningja stuðningur/lærdómssamfélag** matreiðslumanna. Fundir verða haldnir 2x á hvorri önn til að deila góðum ráðum og reynslu. Fundir verða skipulagðir í september, nóvember, febrúar og apríl ár hvert.
- **Endurmenntun og fræðsla** einu sinni á önn fyrir matreiðslumenn.
- **Aðkeypt ráðgjöf** vegna grænkera valkosta fyrir matreiðslumenn sem þess óska fer fram frá nóvember 2022 til febrúar 2023.

- **VEGAN-hnappur** verður settur inn í áskriftarkerfi svo hægt verði að velja grænkeru valkost frá 1. mars 2023 í öllum skólum.
- **Matseðlar** - Upplýsingar um grænkeru valkost komi fram á matseðlum frá og með 1. mars 2023.

Staðan í dag:

Könnun var gerð meðal matreiðslumanna með tölvupósti hvernig gengi að innleiða þennan nýja valkost. Spurningarnar voru eftirfarandi:

- *Hvernig hefur innleiðingin á grænkeru fæði gengið hjá ykkur?*
- *Finnið þið fyrir aukinni eftirspurn eftir VEGAN fæði?*
- *Eruð þið með VEGAN í boði alla daga?*
- *Hver er ykkar upplifun nú þegar við erum komin af stað með þetta verkefni?*

Svör:

Álfhólsskóli, Kópavogsskóli, Hörðuvallaskóli, Kársnesskóli, Salaskóli og Vatnsendaskóli:

- Grænkerafæði í boði alla daga. Matreiðslumenn finna ekki fyrir aukinni eftirspurn og upplifun þeirra er víðast hvar góð. Einstaka starfsmenn finna fyrir auknu álagi sem greina þarf betur.

Lindaskóli:

Engin eftirspurn eftir grænkeru valkosti.

Snælandsskóli:

Er í aðlögunarferli og fær ráðgjöf.

Smáraskóli:

Aðkeyptur matur frá Skólamat sem býður upp á VEGAN-valhnapp.

Eins og sjá má í þessari samantekt þá er innleiðing víðast hvar hafin. Fjöldi barna sem velur grænkeru valkost er á bilinu tvö til átta á dag, auk þess eru í einum grunnskóla átta starfsmenn með grænkeru fæði.

Virðingarfyllt,

Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildastjóri grunnskóladeildar